

G J A L D S K R Á

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir Staðaveitu í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja fyrst um sinn raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli á kr. 1.25 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.-mæli á 30 aura hver kwst. af fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús 1200 kwst. á ári.			
————— 2	—————	1500	—————
————— 3	—————	1800	—————
————— 4	—————	2000	—————
————— 5	—————	2200	—————
————— 6	—————	2300	—————
————— 7	—————	2400	—————

Notkun umfram þetta greiðist með 16 aurum hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 5.00 á mánuði af fyrsta herbergi hverrar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal telja sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m² má miða við samantlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

Rafmagnsnotkun í gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, er heimilt að selja samkvæmt þessum gjaldskrárlið. Rafmagnsveitustjóri setur reglur um útreikning fastagjalda af þeim húsum.

C. Rafmagn til véla.

Um kwst.-mæli á 65 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 130.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja rafmagn til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur.

II. MÆLALÆIGA

Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr.	2.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	3.00 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amp.	—	7.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amp.	—	10.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera **54** sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir 1. apríl raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins og reglugerð rafveitusjóðs viðkomandi sýslu.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 kr.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð, fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 10 kr. gjald. Gjaldið skal greitt á aðsetursstað umboðsmannsins.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

1. Fyrst um sinn er heimilt 20 kw. mesta álag á veituna í Laxárstöð. Skulu notendur, hver um sig, miða álag sitt við þetta og er því t. d. ekki heimilt að nota hita á suðutíma.
2. Þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar um heypurrkun er að ræða, getur rafmagnsveitustjóri selt rafmagn eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 1. apríl 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Dalvíkur.

55

6. apríl

I. RAFORKA

Rafveita Dalvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.-mæli á kr. 1.80 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.